

Hafnarfjarðarkaupstaður  
Pósthólf 100  
222 Hafnarfjörður

Garðabæ, 18.12.2020  
Málsnr. 2008336

**Efni: Óskað eftir umsögnum umsagnaraðila vegna: Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030, Urriðaholt, og tillaga að deiliskipulagi Urriðholt Norðurhluti 4.**

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir í samræmi við 1. mgr. 31. gr., sbr. 36. gr., og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til svæðis í Urriðaholti og deiliskipulagstillögu fyrir Norðurhluta 4 í Urriðaholti (endurauglýst).

**Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030, tillaga að breytingu. Urriðaholt.**

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar nær til svæðis norðan við Urriðaholtsstræti og er markmið aðalskipulagsbreytingarinnar að setja fram á skýran hátt að íbúðarbyggð er heimil á því svæði sem þarna er vísað til ásamt atvinnuhúsnæði.

**Urriðaholt. Norðurhluti 4. Tillaga að deiliskipulagi.**

Deiliskipulagstillagan nær til svæðis fyrir nýja íbúðabyggð og atvinnustarfsemi norðan við Urriðaholtsstræti, auk útivistarsvæðis næst Flóttamannavegi. Hluti af deiliskipulagstillögunni er endurskoðun á deiliskipulagi fyrsta áfanga Urriðaholts, sem kallað er Viðskiptastræti og náði yfir húsin næst gatnamótum Urriðaholtsstrætis og Holtsvegar. Við gildistöku deiliskipulags Norðurhluta 4 fellur deiliskipulag Urriðaholts Viðskiptastrætis úr gildi. Hæðir húsa á skipulagssvæðinu verða á bilinu 4-6 hæðir. Fjöldi íbúða verður 218 (36 þegar byggðar), og atvinnuhúsnæði verður um 48.000 m<sup>2</sup> (um 11.000 þegar byggt eða í byggingu). Umhverfisskýrsla er hluti af tillögunni í samræmi við lög nr. 105/2006. "

Óskað er eftir umsögnum á áður nefndum tillögum.


Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 11.12.2020 til og með 22.01.2021. Einnig eru þær aðgengilegar á vef Garðabæjar ásamt kynningarefni um tillögurnar. Óskað er eftir því að umsögnum verði skilað skriflega til skipulagsstjóra Garðabæjar fyrir 22. janúar 2021, annað hvort í tölvupósti á



**GARÐABÆR**  
www.gardabaer.is

netfangið skipulag@gardabaer.is eða í bréfpósti á bæjarskrifstofu Garðabæjar  
Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.

Virðingarfyllst,

  
Arinbjörn Vilhjálmsson,  
skipulagsstjóri



Bréfið er sent með tölvupósti á tölvupóstföng neðan greindra umsagnaraðila, auk þess sem þau eru send í pósti til sömu aðila, auk Skipulagsstofnunar.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Garðatorg 5, 210 Garðabær

Minjastofnun Íslands Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

Umhverfisstofnun Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík

Vegagerðin Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík

Kópavogsbæjar, Digranesvegi 1, 200 kópavogur

Hafnarfjarðabæjar, Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður

Samtök Sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Hamraborg 9, 200 kópavogur